

Þriðjudaginn 2. október 1984.

Nr. 7/1984.

**Bandalag starfsmanna ríkis og bæja
f.h. Starfsmannafélags Selfoskaupstaðar**

(Gestur Jónsson, hrl.)

gegn

bæjarstjóranum á Selfossi f.h.

Selfoskaupstaðar

og Helga Bergmann Sigurðssyni

(Jón Ólafsson hrl.).

Verkfallsheimild. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Bjarni Kristinn Bjarnason, Björn Helgason, Gunnlaugur Briem, Ragnar Halldór Hall og Sigurfinnur Sigurðsson.

Málið, sem tekið var til dóms 1. þ.m., er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, útgefinni og birtri 27. september 1984.

Stefnandi málsins er Bandalag starfsmanna ríkis og bæja f.h. Starfsmannafélags Selfoskaupstaðar, Eyrarvegi 15, Selfossi.

Stefndu eru bæjarstjórinn á Selfossi f.h. Selfoskaupstaðar og Helgi Bergmann Sigurðsson, byggingarfulltrúi Selfoskaupstaðar, Vallholti 18, Selfossi.

Dómkröfur stefnanda eru þær, „að Félagsdómur ákveði með dómi, að byggingarfulltrúa Selfoskaupstaðar, stefnda Helga Bergmann Sigurðssyni, sé heimilt að taka þátt í verkfalli því, sem Starfsmannafélag Selfoskaupstaðar hefur boðað hjá stefnda Selfoskaupstað þann 4. október 1984.“ Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefndu að mati dómsins.

Stefndu gera þær dómkröfur, „að stefnda Helga Bergmann Sigurðssyni sé óheimilt að taka þátt í verkfalli því, sem Starfsmannafélag Selfoskaupstaðar hefur boðað hjá Selfoskaupstað þann 4. október n.k.“ Auk þess krefjast stefndu málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Sáttaumleitanir dómsins hafa ekki borið árangur.

I.

Tildrög málsins eru þau, að Starfsmannafélag Selfoskaupstaðar hefur boðað verkfall hjá Selfoskaupstað, og á verkfallið að hefjast 4. október 1984.

Í 27. gr. reglugerðar nr. 236/1976 um kjarasamninga starfsmanna sveitar- og sýslufélaga innan Bandalags starfsmanna ríkis og bæja eru svofelld ákvæði:

„Prátt fyrir ákvæði reglugerðar þessarar er starfsmönnum þeim, sem um er rætt í 1. mgr. 1. gr. og skipa eftirtalin störf, óheimilt að gera verkfall:

1. Borgar- og bæjarlögmonnum, borgar- og bæjarriturum, borgar- og bæjarverkfræðingum, skrifstofustjórum borgarstjórnar og forstöðumönnum launadeilda.
2. Forstöðumönnum stærri atvinnu- og þjónustustofnana sveitarfélaga og staðgenglum þeirra.
3. Öðrum þeim, sem gegna störfum, sem öldungis verður jafnað til embætta þeirra manna, sem getið er í 1. - 2. tl.

Fyrir 15. janúar ár hvert skal borgar-, bæjar- eða sveitarstjóri eða oddviti sýslunefndar birta skrá um nöfn og störf þeirra manna, sem falla undir ákvæði 1. mgr. Rísi mál um, hvort maður falli undir ákvæði 1. mgr., skal það mál lagt fyrir Félagsdóm, sem sker úr því til fullnustu.“

Með bréfi, dagsettu 10. september 1984, tilkynnti Stefán Ó. Jónsson, bæjarstjóri á Selfossi, f.h. Selfoskaupstaðar til Starfsmannafélags Selfoskaupstaðar „Skrá yfir starfsmenn Selfoskaupstaðar, sem falla undir 27. gr. reglugerðar nr. 236/1976 og er því óheimilt að taka þátt í verkfalli:

Helgi Helgason, bæjarritari,
 Jón Guðbjörnsson, forstöðum. tæknideildar,
 Jón Örn Arnarson, veitustjóri,
 Ólöf D. Thorarensen, félagsmálastjóri,
 Helgi B. Sigurðsson, byggingarfulltrúi.“

Þeirri ákvörðun Selfoskaupstaðar, að Helgi Bergmann Sigurðsson skuli vera undanþeginn verkfalli, vill Starfsmannafélag Selfoskaupstaðar ekki una. Hefur félagið því höfðað mál þetta.

II.

Stefnandi leggur áherslu á, að meginreglan sé sú, að verkfallið nái til allra félaga stéttarfélagsins. Ákvæði 27. gr. reglugerðarinnar sé undantekning þar frá, og beri því að beita þröngri lögskýringu á því, hvert sé inntak greinarinnar.

Undir fyrsta tölulið séu talin tiltekin starfsheiti, og sé byggingarfulltrúi ekki meðal þeirra. Undir annan tölulið komi forstöðumenn

stærri atvinnu- og þjónustustofnana sveitarfélaga og staðgenglar þeirra. Orðið „stærri“ undirstriki, að alls ekki sé ætlunin með ákvæðinu, að allir forstöðumenn séu án verkfallsréttar.

Á Selfossi hagi þannig til, að starfrækt sé sérstök tæknideild hjá kaupstaðnum. Yfirmaður tæknideildarinnar sé bæjartæknifræðingur. Undir hans stjórn og í tæknideildinni starfi þrír aðrir menn, þ.e. mælingamaður, tækniteiknari og byggingarfulltrúi. Þeir þrír síðastnefndu starfi hliðsett og án nokkurra undirmanna. Í sumarleyfum bæjartæknifræðings hafi verið fenginn starfsmaður frá Verkfræðistofu Suðurlands til þess að vera staðgengill hans í leyfinu. Af framangreindu sé ljóst, að útilokað sé að fella starf byggingarfulltrúa á Selfossi undir 2. tölulið 27. gr.

Undir þriðja tölulið geti einungis þeir komið, sem öldungis verði jafnað til embætta þeirra manna, sem tilgreindir séu í 1. - 2. tl. Orðalagið leggi mikla áherslu á, að um algjöra hliðstæðu verði að vera. Fráleitt væri að telja, að slíkt liggi fyrir í þessu tilviki.

Loks skuli það tekið fram, að jafnvel þótt svo ólíklega færi, að Félagisdómur teldi starf byggingarfulltrúa Selfoskaupstaðar falla undir einhvern töluliða 27. gr., beri að líta á það, að réttur bæjarstjóra til þess að undanskilja tiltekna menn verkfallsrétti, þ.e. aðila, sem ekki eru berum orðum nefndir í greininni, sé háður því, að hann birti skrá um nöfn og störf þeirra manna fyrir 15. janúar ár hvert. Frestur bæjarstjóra til þess sé því löngu útrunninn og tilkynning hans þar af leiðandi gildislaus.

III.

Af hálfu stefndu er á það lögð áhersla, að embætti byggingarfulltrúa á Selfossi heyri ekki undir tæknideild Selfoskaupstaðar og sé byggingarfulltrúinn ekki undirmaður forstöðumanns tæknideildar, heldur sé hann framkvæmdastjóri byggingarnefndar og heyri beint undir hana og sveitarstjórn, sbr. byggingarlög nr. 54/1978.

Byggingarnefnd sé með stærri þjónustustofnunum Selfoskaupstaðar, og sé hlutverk hennar rakið í III. kafla laga nr. 54/1978 og byggingarreglugerð nr. 292/1979. Jafnframt segi í 20. gr. sömu laga, að sveitarstjórn skuli ráða byggingarfulltrúa og að hann sé framkvæmdastjóri byggingarnefndar.

Nánar sé sagt um starfssvið byggingarfulltrúa í VI. kafla byggingarlaga.

Öllum sé ljóst, hve miklu hlutverki byggingarfulltrúinn sem

framkvæmdastjóri byggingarnefndar hafi að gegna, að því er varðar eftirlit með byggingarframkvæmdum í sveitarfélögum og nauðsyn þess fyrir almenningsheill, að starf hans stöðvist ekki, af öryggisástæðum.

Verði því að líta svo á, að Helga Bergmann Sigurðssyni sé óheimilt, sbr. 27. gr. reglugerðar nr. 236/1976, að taka þátt í boðuðu verkfalli 4. október nk., þar sem hann sé forstöðumaður byggingarnefndar, sem sé mjög stór þjónustustofnun, og eins með tilliti til 3. tl. 27. gr. nefndrar reglugerðar, þar sem störf hans jafnast á við störf þeirra manna, sem upp eru taldir í 1. tölulið, bæði að því er varðar menntun, ábyrgð og umsvif.

Samkvæmt ofanrituðu verði að telja, að starf byggingarfulltrúa falli undir 1. mgr. 27. gr. reglugerðar nr. 236/1976.

Að því er varðar 2. mgr. nefndrar 27. gr., verði að telja, að í skrá þeirri, sem þar er getið, eigi að geta nafna þeirra manna, sem óheimilt sé, að fari í verkfall skv. 1. mgr., en ekki einungis þeirra, sem ekki eru þar nefndir berum orðum. Rétt sé, að slík skrá gerð fyrir 15. janúar sé ekki til, enda ekki eftir henni gengið né heldur tilgreint, hvar skuli birta hana. Það sé því ekki síður skylda stefnanda að óska eftir slíkri skrá.

IV.

Ljóst er, að byggingarfulltrúi er ekki talinn upp meðal þeirra starfsmanna sveitar- og sýslufélaga, sem óheimilt er að gera verkfall samkv. 1. tölulið 1. mgr. 27. gr. reglugerðar nr. 236/1976. Kemur þá til skoðunar, hvort starfssvið byggingarfulltrúans á Selfossi sé slíkt, að hann verði talinn forstöðumaður stærri atvinnu- og þjónustustofnunar sveitarfélagsins eða gegni starfi, sem öldungis verði jafnað til starfa þeirra manna, sem taldir eru upp í 1. eða 2. tölulið 1. mgr. 27. gr. reglugerðarinnar, en þessi ákvæði eru undantekningarreglur, sem skýra verður þröngt samkvæmt almennum lögskýringarreglum.

Byggingarlög nr. 54/1978 tóku gildi 1. janúar 1979, einu og hálfu ári eftir að reglugerð nr. 236/1976 var sett, en hún tók gildi 1. júlí 1977. Þegar reglugerðin var sett, voru ekki í gildi sett lög, sem mörkuðu verksvið byggingarfulltrúa sveitarfélaga á þann hátt, sem gert er í VI. kafla byggingarlaga. Hins vegar höfðu verið settar byggingarsamþykktir fyrir fjölmörg sveitarfélög í landinu samkvæmt heimild í lögum um byggingarsamþykktir nr. 19/1905 með

áorðnum breytingum og skipulagslögum nr. 19/1964. Félagsmálaráðherra birti fyrirmynd slíkra byggingarsamþykkta með auglýsingu nr. 23/1967, og hefur sú fyrirmynd verið staðfest sem byggingarsamþykkt fyrir fjölda sveitarfélaga. Þar er í grein 1.4. fjallað um verksemi byggingarfulltrúa og því lýst með svipuðum hætti og gert var í VI. kafla byggingarlaga nr. 54/1978.

Ekki verður ráðið af gögnum málsins eða reifun þess hér fyrir dómi af hálfu stefndu, að eftir gildistöku byggingarlaga nr. 54/1978 hafi umfang starfsemi byggingarfulltrúans á Selfossi aukist eða breyst svo frá því, sem verið hafði fyrir gildistöku þeirra laga, að hann verði nú talinn undanskilinn verkfallsheimild á grundvelli 2. eða 3. töluliðar 27. gr. reglugerðar nr. 236/1976. Ekki verður heldur talið, að embætti byggingarfulltrúans sé ein af stærri atvinnu- og þjónustustofnunum sveitarfélagsins.

Rétt þykir að taka hér fram, að ekki verður úr því leyst fyrir Félagsdómi, hvort nauðsyn beri til af öryggisástæðum, að byggingarfulltrúinn á Selfossi starfi í fyrirhuguðu verkfalli, sbr. 26. gr. reglugerðar nr. 236/1976.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður að fallast á það með stefnanda, að stefnda Helga Bergmann Sigurðssyni sé heimilt að taka þátt í verkfalli því, sem Starfsmannafélag Selfoskaupstaðar hefur boðað hjá stefnda Selfoskaupstað þann 4. október 1984.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Stefnda Helga Bergmann Sigurðssyni er heimilt að taka þátt í verkfalli því, sem Starfsmannafélag Selfoskaupstaðar hefur boðað hjá stefnda Selfoskaupstað þann 4. október 1984.

Málskostnaður fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

Bjarna Kristins Bjarnasonar og Gunnlaugs Briem.

Í 18. gr. laga nr. 29/1976 segir, að þrátt fyrir ákvæði laga nr. 33/1915 um verkfall opinberra starfsmanna sé Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja heimilt að gera verkfall. Er í reglugerð nr. 236/1976 kveðið nánar á um þetta og hverjum sé óheimilt að gera

verkfall, en reglugerð þessi er sett samkvæmt 41. gr. framangreindra laga nr. 29/1976.

Í 1. gr. reglugerðarinnar segir, að ákvæði hennar taki ekki til borgar-, bæjar- eða sveitarstjóra.

Þá eru í 1. mgr. 27. gr. reglugerðarinnar tilgreindir starfsmenn, sem óheimilt er að gera verkfall, og er Félagsdómi falið skv. 2. mgr. greinarinnar að skera úr því til fullnustu, hverjir það skuli vera, sbr. og 32. gr. reglugerðarinnar. Við ákvörðun um hverjir eigi að falla undir ákvæði greinarinnar, þykir mega fallast á það með stefnanda, að ákvæði þetta beri að skýra þröngt, enda er um undantekningarákvæði að ræða.

Þegar lög nr. 29/1976 öðluðust gildi, höfðu byggingarlög nr. 54/1978 og byggingarreglugerð nr. 292/1979, sem sett var samkvæmt þeim, eigi öðlast gildi. Í II. kafla reglugerðar þessarar eru ákvæði, þar sem verksvið byggingarfulltrúa er ákveðið. Verður af þeim eigi annað ráðið en störfum byggingarfulltrúa megi öldungis jafna til starfa manna þeirra, sem um getur í 1. og 2. tl. 1. mgr. 27. gr. reglugerðar nr. 236/1976.

Þótt bæjarstjóra Selfoskaupstaðar hafi láðst að birta skrá fyrir 15. janúar sl. um nöfn og störf þeirra starfsmanna kaupstaðarins, sem hann telur eiga að falla undir 1. mgr. 27. gr. reglugerðarinnar, svo sem kveðið er á um í 2. mgr. greinarinnar, getur það ekki ráðið úrslitum í máli þessu, þar sem skráin þykir eftir atvikum nægilega fljótt birt.

Ber samkvæmt framansögðu að taka þá kröfu stefndu Stefáns Ómars Jónssonar, bæjarstjóra Selfoskaupstaðar, f.h. Selfoskaupstaðar og Helga Begmann Sigurðssonar, byggingarfulltrúa Selfoskaupstaðar, til greina, að Helga Bergmann sé óheimilt að taka þátt í verkfalli því, sem stefnandi, Starfsmannafélag Selfoskaupstaðar, hefur boðað til hjá Selfoskaupstað 4. þ.m.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Stefnda Helga Begmann Sigurðssyni er óheimilt að taka þátt í verkfalli því, sem Starfsmannafélag Selfoskaupstaðar hefur boðað hjá Selfoskaupstað þann 4. október 1984.

Málskostnaður fellur niður.